

1912  
Vísir  
(Júl. 2.)

## Bækur.

Gott er að lesa góð rit og lesa þau oft og vel.

Talsvert er þýtt af útlendum bókum á íslensku og furða, jeg mig stundum á því að ekki skuli vera valið betur en er. En það er varia við góðu að búast, þegar framúrskarandi mentamaður, eins og dr. Guðm. Finnbogason, fer að þýða aðrar eins ritgerðir eins og þá um sannleikann eftir W. James, eða sögur eftir Selmu Lagerlöf. Jeg veit vel, að Selma Lagerlöf hefur fengið Nóbelsverðlaun, og efast ekki um, að þetta sje að ýmsu leyti mjög virðingarverð stúlka; en jeg hef aldrei sjð eftir hana svo stutta sögu, að jeg hafi enzt til að lesa hana til enda. —

Páll Melsteð söguritari, sagði mjer að hann hefði á yngri árum sínum verið að hugsa um að þýða Ívanhoe, hina ágætu skáldsögu sem Íslendingasögur og annað, vakti í huga Norðmannaniðjans Walters Scott; en vonleysi um að fá nokkuð fyrir staðið aftraði honum. Var það skaði mikill fyrir íslenskar bókmentir. Þorsteinn Gíslason hefur að vísu þýtt Ívanhoe, en hvergi nærri eins vel eins og hann hefði getað, og að sömu leyti villandi. »Söguhetjan« heitir alls ekki Ívar, og því síður hlújárn, heldur Vilfredur af Ævarshóli, og faðir hans ekki Siðríkur heldur Sigtryggur (Cedric; engilsaxneskan var eitt af þessum afbökunarmálum sem mikil þörf væri á að menn litu rjettar á, en nú gerist.) Fleira mætti auð-

vitað finna að þýðingu Þorsteins, þó að það sje ekki hjer gert.

Hjer í bænum er til lestrarfjelag og er oss í því fjelagi illa við aðrar bækur en danskar, en þó verst við íslenskar; þær sjást þar aldrei. En í þessu fjelagi sá jeg einusinni, auðvitað þýdda á dönsku, sögur eftir Robert Louis Stevenson. Þar var í einni sögunni lýsing á vesturströnd Skotlands, og undraðist jeg er jeg las, hvernig þessum snilling hefur tekist að varðveita í máli, handa hverjum sem kann að lesa, (og þarf þar nú raunar ekki svo mikils víð) þær tilfinningar sem geigfegurð hafsins og hamranna, og það sem undir þeim gerðist, hefur vakið hjá honum. —

Maður hefur Beli heitið; betur munu ýmsir við hann kannast ef þeir sjá hann nefndan Henri Beyle; hann var í Rússlandsförinni með Napoleon. Síðan skrifaði hann ýmislegt, skáldsögur fáeinar og ritgerðir sem verður víst að telja til heimspeki og fagurfræði. Beli var af norrænum ættum, spekingur mikill að viti og forspár; þóttist hann of lítils metinn, sem von var, og varð að horfa á marga sjer minni menn í hávegum hafða; spáði hann því að þegar liði á 19. öldina mundu rit hans verða stórfraeg, og hefur það ekki verið neinn falsspádómur. Besta saga Bela heitir »Chartreuse de Parme« minnir mig; annar eins maður eins og Georg Brandes tekur raunar »Rouge

et noir« framyfir, en sú saga finst mjer ekki nærri eins góð, þó að hún sje afbragð. Að undantekinni Njálu og öðrum Íslendingasögum sem jeg tek auðvitað fram yfir allar aðrar sögur, enda raunar annars eðlis en skáldsögurnar þekki jeg enga sögu er mjer virðist komast nálægt ‚Chartreuse de Parme‘ eftir Beyle, nema Wilhelm Meister eftir Goethe, Arbeidsfolk eftir Kielland og »In the days of the Comet« eftir Wells. Halastjörnudaga ætti að þýða á íslensku.

Það er orðið nokkuð langt síðan jeg hef lesið þessar bækur, og finn jeg nú glöggar til fáfræði minnar en svo, að jeg eyði miklum tíma í að lesa skáldsögur. En varla er unglíngum láandi, þó að þeim þyki gaman að sögum, og sjeu fúsari á að lesa þær, heldur en fræðiritgerðir, sem þeir skilja ekki til fulls. En muna verður eftir því, að skáldsögur eru því óhollari, sem þær eru ósannari, og skáldin sjálf skilningsminni á þetta líf sem þau eru að lýsa. Líka er vert að hugleiða, að mikill lestur er þreytandi vinna, og getur gert mann nærsýnan og eftirtektarlítinn á það sem gerist í kring um hann. Maður sem jeg er nákunnugur, var á sínum tíma einn af heimskustu skólapiltum í Reykjavík, og kennir það mest því, að hann var sílesandi, en raunar óþarfar bækur margt af því. Líklega væri ekki vert að segja frá þessu í byrjun skólaárs, en nú mun það óhætt. Það er bæði gott og illt að það gleymist sem í blöðum stendur.

Helgi Pjeturss. //